

Aftaka karla er þjóðaríþrótt Ástrala „Drepum alla karla“

Þrátt fyrir að sagan geymi minningar um fjölda stór- og heimsvelda og aragrúa brjálæðinga, sem dreymt hefur um heimsyfirráð, um eitt alheimsríki, er hugsunin fjarstæðukennd. Því hef ég kímt að fólki eins og Klaus Schwab, forystusauði Alheimsefnahagsráðsins (World Economic Forum). Hann hefur nefnilega marglýst því yfir, að alheimsríkið sé í burðarliðnum. Svo hefur auðkýfinga- og stjórnámamannafélagsskapur hans stofnað til samvinnu við Sameinuðu þjóðirnar. Saman hafa þessi reginsamtök sett heiminum markmið; „sjálfbærnimarkmið.“

Eitt þessara markmiða er að hlífa náttúrinni við mannskepnunni og annað að valdefla konur og dætur (börn) þeirra. Markviss undirbúningur að báðum markmiðum hófst um svipað leyti, fyrir um hálfri öld síðan. Upplausn og áróður eru lykilhugtök.

Þegar ég skoða þessa undirbúningssögu verð ég að ljúka upp einum munni með auðkýfingnum, Bill Gates, sem er afskaplega umhugað um samneyti við barnaníðinga, að sprauta mannkyn með alls konar bóluefnum og bjóða því skordýr í matinn, hvað ættir auðkýfinganna eru stefnufastar og einarðar eins og t.a.m. Rockefeller, Soros og Rothschild.

Meginaðferðin er enn sem fyrr að deila og drottna. Þegar þriðja bylgja kvenfrelsunar reis upp úr síðara heimsstríði, hlóðu auðmannasjóðirnir, þ.e. framfara- og mannréttindasjóðir, sem þeir venjulega eru kallaðir, fé á hreyfinguna.

Grunnstoðin í málflutningi kvenfrelsunarhreyfingarinnar er sú, að skapari himins og jarðar hafi skapað kúgaðar konur og karla til að kúga þær - og gera þeim lífið leitt.

Nýlega komust mannvitsbrekkur sömu hreyfingar að því, að skaparanum hafi einnig orðið á í kynmessunni. Þess vegna þarf að berjast bæði fyrir kven- og kynfrelsun. Helvítis strákunum og körlunum verður því að koma fyrir kattarnef.

Það kveður orðið svo rammt að þessari iðju, að þingmaður „undir niðri,“ Pauline Hanson, hefur lýst því yfir, að aftökur karla séu orðin þjóðaríþrótt Ástrala.

Í Ástralíu býr einn af harðvítugustu kvenfrelsurum heims, Clementine Ford, sem tók upp á því að eignast son. Og kvartar mikið yfir þeirri kúgun. Enda er heróp hennar; „drepum alla karla.“

Þessi mikli frelsari kvenna hefur gefið út bækur. Eins og gefur að skilja á Clementine fjölda aðdáanda, sem biðja hana um áritun á bækurnar. „Hefur þú drepið karlmannna í dag? Hvers vegna, ef svo er ekki? Svo áritar Clementine eina bókanna.

Í nýjustu bókinni má lesa: „Hvernig dirfast karlar á líðandi stundu að bera saman uppreisn kvenna, sem fyrir löngu síðan varð tímabær, [þótt] enn sé hún ekki fullnægjandi, við [gjörninga] níðinga og kvenhatara, sem hafa pyndað okkur um aldir eins og um nornaveiðar væri að ræða. Mættu þeir allir sorðnir verða (f..k them all) til helvítis.“

„Ég-líka-byltingin,“ sem kvenfrelsarar RÚV kalla „me-too-movement,“ það er „karlaaftökumúgefjun“ sú, er upphófst í Bandaríkjunum, er enn við lýði, enda þótt sú bylting kynni að narta ofurlítið í börnin sín. Á Íslandi birtist hún nýlega í kvennaverkfalli, þar sem verulegur hluti íslenskra kvenna lýsti yfir kúgun sinni í svipuðum dúr og allar konur á landsfundi Samfylkingarinnar fyrir nokkrum árum síðan. Allar höfðu þær orðið fyrir kynferðislegri áreitni.

Það sagði líka Brittany nokkur Higgins á fyrrnefndri álfueyju suður í höfum. Kvenvænir dómstólar tóku undir lygar hennar um nauðgun á ríkisstjórnarskrifstofu. Þó upp hafi komist svik um síðir og konan sé verulega elfd að völdum – fékk meira að segja góða stöðu hjá Sameinuðu þjóðunum, muni ég rétt – virðist hún ekki þurfa að axla ábyrgð.

Hin glögga Janice Fiamengo segir „ég-líka-byltingu-RÚV“ hafa verið gagnlega að því leyti, að hún hafi galopnað augu sjáandi fyrir eiginlegum tilgangi og trú hreyfingarinnar. Í siðlegu samfélagi, segir Janice, ætti öllum að vera ljóst, að jafnrétti og mannleg reisn væri ekki á hennar stefnuskrá, svo svívirðilegar eru aftökurnar og samviskuleysið gagnvart þjáningum karla.

Það er svo sem skiljanlegt, að enn velji karlar sjálfsvíg, þegar öll sund lokast. Karlar eru um áttatíu af hundraði þeirra, sem velja þá óyndislegu og harmþrungnu leið. Kannski þeir fari beina leið til helvítis eins og kirkjan kenndi um árabíl og Clementine og fleiri kvenfrelsarar boða nú.

Það er varla heldur tilviljun, að karlar séu einnig í meiri hluta fíkniefnasjúklinga, utangarðsmanna, glæpamanna og barnlausra.

Útskúfun er körlum þungbær, en þó er aðskilnaður við börnin vafalítið þyngstur á metunum, þegar óhamingja þeirra er skoðuð. Eins og allir ættu að vita, er það snar þáttur í valdeflingu kvenna að taka börnin af feðrum þeirra með einum eða öðrum hætti. Verstu móðurvargarnir í þessu tilliti verða jafnvel þjóðhetjur meðal kvenhollra Íslendinga, í kvenna- og móðurríkinu við nyrsta baug. Ástandið er líklega svipað og handan áls. Um helmingur breskra barna býr nú á móðurheimili.

Réttisýnar konur og karlar hafa þó veitt mótspyrnu, líka félagsskapnum íslenska, „Lífi án ofbeldis,“ sem leggur ríka áherslu á allra handa ofbeldi feðra gegn börnum sínum. Á Spáni hefur t.d. trisið andófsbylgja, sem m.a. lýsti sér í mikilli kröfugöngu þar um slóðir. Þar sameinuðust mæður og feður gegn sundrungraöflum og auðkýfingafífluðum konum.

Það tókst líka að stöðva „lögleiðingu“ á vettvangi Sameinuðu þjóðanna, í þá veru, að foreldraútilokun (parental alienation), sem aðallega er stunduð af mæðrum til að efla vald sitt, væri í raun ekki til. Gáfumenn meðal sálfræðinga höfðu komist að þessu, eftir þrotlausar umræður og rannsóknir, sem gefa rannsóknum á þriðju (píslarvættis)vaktinni (eða fjórðu) ekkert eftir.

Það er vonandi tímanna tákn, að kvenfrelsunartímaritið Jezebel, þar sem birst hafa „ritrýndar“ greinar kvenfrelsunarvísindamanna, hafi nú lagt upp laupana. Það hefur horfið á vit formóðurinnar, þeirrar skelfilegu fordæðu.

Það er líka uppörvandi, að alþjóðahreyfingu, sem berst fyrir (eiginlegri) vísindalegri viðmiðun í öllu því, sem lýtur að skilningi og úrlausn við heimiliserjur og ofbeldi, vaxi nú fiskur um hrygg. (DAVIA – Domestic Abuse and Violence International Alliance.) Þar hafa bundist samtökum félög frá þrjátíu og fjórum löndum í flestum heimsálfum.

Þessi staðreynd segir þá sögu, að áróðursbábiljan um kven- og barnvonsku karla hefur verið blásin út um víða veröld. Samtök kvenfrelsara, fjölmiðla og heimsyfírráðaauðkýfinga, eru enn að, svo ekki má sofna á verðinum.

Það er sérstaklega sótt að Múhameðstrúarmönnum um þessar mundir, samhliða vopnastórsókn samrunaheimsveldis Bandaríkjamanna og Ísraelsmanna fyrir botni

Miðjarðarhafs. Deila og drottna er þar í öndvegi. Meginskotskífurnar eru Íran og Afganistan, þar sem íslenskir erkikvenfrelsarar gerðu garðinn frægan, bæði á stjórn mála- og kvenfrelsunarfræðasviðinu.

En betur má, ef duga skal. Drengir eru í bráðri hættu í þessari karlfjandsamlegu múgsefjun. Þeir eru vanræktir og kvengerðir og heilbriggt hátterni þeirra er sjúkdómsvætt – einkum með ADHD. Það á ekki síst við á uppeldisstofnunum hins opinbera eins og fjöldi rannsókna og reynsla ber vitni um.

Viðmót (kven)kennara er strákum neikvætt og andsnúið. Það leiðir til óvinsælda, vansældar og síðri kennslu. Enda er bágur árangur drengja í skóla varla nýjabrum í fréttum. (Það er engu líkara, en að fjölda Íslendinga – alla vega VG og Svandísi – þyki vænna um hvali en drengi.)

Heilbrigðum konum er þó víðar brugðið en á þjóðþingi Ástralíu. Kanadíski þingmaðurinn, Anne Cools, lét t.d. hafa eftir sér fyrir nokkrum árum:

„... þessi kvenfrelsun hefur sprottið upp [eins og gorkúla] á síðustu árum. Öll manngæska og dygð prýða konur, en illska öll og ofbeldi karla.“

Einu sinni lýsti hin sköruglega járnfrú, forsætisráðherra Breta, Margaret Thatcher (1925-2013), því yfir, að hún legði fæð á kvenfrelsun. Hún væri eitur í hennar beinum.

En íslenska kvenfrelsunarríkisstjórnin situr við sinn keip; vinnur að því að ná sjálfbærnimarkmiðum Sameinuðu þjóðanna og Alheimsefnahagsráðsins og fjármagnar baráttuna gegn körlum og kyni.

Íslensk ríkisstjórn er svo skjálgeygð, dáðlaus og aumkunarverð, að um hana mætti hafa svipuð orð og bandaríski stjórn málaskýrandinn, William Buckley yngri (1925-2008), um þá bandarísku (þar sem elliaerir, siðlausir og stríðsóðir stjórn málamenn ráða ríkjum) og snillingana við Harvard háskóla (sem nýlega rak kvenrektor sinn fyrir ritstuld:

„Ég hefði betur treyst þeim fjögur hundruð, sem fremst raðast í símaskrána í Boston, fyrir stjórn Bandaríkjanna, heldur en gáfumönnunum (faculty of) við Harvard háskóla.“

[Coalition to End Domestic Violence \(endtodv.org\)](http://endtodv.org)

https://bettinaarndt.substack.com/p/hateful-clementine-ford?utm_source=post-email-title&publication_id=448263&post_id=140239031&utm_campaign=email-post-title&isFreemail=true&r=ry8jq&utm_medium=email

https://fiamengofile.substack.com/p/shty-women-in-feminism?utm_source=post-email-title&publication_id=846515&post_id=140332630&utm_campaign=email-post-title&isFreemail=true&r=ry8jq&utm_medium=email

https://menaregood.substack.com/p/the-demonization-of-masculinity?utm_source=post-email-title&publication_id=1350013&post_id=140160829&utm_campaign=email-post-title&isFreemail=true&r=ry8jq&utm_medium=email

https://menaregood.substack.com/p/the-fall-of-the-always-believe-women?utm_source=post-email-title&publication_id=1350013&post_id=140183886&utm_campaign=email-post-title&isFreemail=true&r=ry8jq&utm_medium=email

https://bettinaarndt.substack.com/p/feminisms-latest-weapon-is-a-fraud?utm_source=post-email-title&publication_id=448263&post_id=139601695&utm_campaign=email-post-title&isFreemail=true&r=ry8jq&utm_medium=email

[Video #18N Manifestación Derechos de los Niños - YouTube](#)

<https://www.youtube.com/watch?v=6wA8BmgUylw>

https://menaregood.substack.com/p/women-say-feminist-hatred-of-men?utm_source=post-email-title&publication_id=1350013&post_id=140013854&utm_campaign=email-post-title&isFreemail=true&r=ry8jq&utm_medium=email

<https://www.youtube.com/watch?v=ksqgKZfEfNM> j F

https://menaregood.substack.com/p/the-truth-about-male-suicide?utm_source=substack&utm_medium=email

https://menaregood.substack.com/p/jezebel-goes-down-ding-dong-the-witch?utm_source=substack&utm_medium=email&utm_campaign=email-half-post&r=ry8jq#play

https://steigan.no/2023/11/hvordan-star-det-til-med-likestillingen-i-verdens-mest-likestilte-land/?utm_source=substack&utm_medium=email

https://www.mindingthecampus.org/2023/11/13/the-collegiate-war-on-men/?utm_source=NAS+Email+General&utm_campaign=388c1f1efc-EMAIL_CAMPAIGN_2023_08_31_02_11_COPY_01&utm_medium=email&utm_term=0_bd36de006c-%5BLIST_EMAIL_ID%5D

https://fiamengofile.substack.com/p/are-women-the-biggest-losers-of-the?utm_source=post-email-title&publication_id=846515&post_id=138766630&utm_campaign=email-post-title&isFreemail=true&r=ry8jq&utm_medium=email

https://menaregood.substack.com/p/regarding-men-22-mean-girls-too?utm_source=post-email-title&publication_id=1350013&post_id=139285089&utm_campaign=email-post-title&isFreemail=true&r=ry8jq&utm_medium=email

https://fiamengofile.substack.com/p/international-day-for-the-elimination?utm_source=post-email-title&publication_id=846515&post_id=139110724&utm_campaign=email-post-title&isFreemail=true&r=ry8jq&utm_medium=email

https://bettinaarndt.substack.com/p/narrow-escape-for-lisa-wilkinson?utm_source=post-email-title&publication_id=448263&post_id=139139082&utm_campaign=email-post-title&isFreemail=true&r=ry8jq&utm_medium=email

https://menaregood.substack.com/p/feminist-lies-the-old-and-the-new?utm_campaign=846515&utm_source=cross-post&r=ry8jq&utm_medium=email

https://menaregood.substack.com/p/anti-semitism-judaism-zionism-white?utm_source=substack&utm_medium=email&utm_campaign=email-half-post&r=ry8jq

<https://www.youtube.com/watch?v=QeI-olvKwrM>

<https://www.theguardian.com/australia-news/2023/may/23/senior-act-police-officer-was-immediately-suspicious-of-brittany-higginss-allegation-inquiry-told>

https://bettinaarndt.substack.com/p/lynching-of-men-is-our-national-sport?utm_source=post-email-title&publication_id=448263&post_id=138768495&utm_campaign=email-post-title&isFreemail=true&r=ry8jq&utm_medium=email